

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „starfsleyfi“ í 10. tölul. 4. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: rekstrarleyfi.

2. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytinu“ í 10. tölul. 4. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni, nema í 1. másl. 1. mgr. 11. gr., 2. másl. 1. mgr. og 3. mgr. 19. gr. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

3. gr.

Í stað ártalsins „2022“ í 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar kemur ártalið: 2024.

4. gr.

Í stað ártalsins „2022“ í 5. mgr. reglugerðarinnar í ákvæði til bráðabirgða kemur ártalið: 2024.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 11. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 30. mars 2023.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 18. apríl 2023